

28. nóvbrm. f. árs skipaði hann, sem var sjúkur, vikapilti sínum, Guðmundi Geir Ólafssyni, að afhenda Skúla Magnússyni lausamanni í Litlu-Sandvík, eina flösku og meinti með því venjulegan áfengisskammt, 210 gr. af spiritus concentratus. Var Skúla afhentur skammturinn, og gerðist hann svo drukkinn af, að hann lét öllum illum látum, er heim kom, og því kærði þetta húsbóndi hans Guðmundur Þorvarðarson hreppstjóri í Litlu-Sandvík.

Brot kærðs, sem er 25 ára og hefir eigi áður sætt kæru fyrir afbrot, á undir 21. gr. áfengislaganna, og þykir refsing hans samkvæmt 38. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 500 kr. sekt, er aflánist með 31 dags einföldu fangelsi.

Svo greiði hann allan sakar kostnað.

Á málinu hefir ekki orðið óhæfilegur dráttur.

Miðvikudaginn 22. maí 1929.

Nr. 34/1929. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Gisla Guðmundssyni (Pétur Magnússon).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. marz 1929: Kærður, Gisli Guðmundsson, sæti 14000.00 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands, er greiðist innan 10 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður einföldu fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar. Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar sé 30 dagar frá lögbirtingu dóms þessa, og að vararefsingin verði 8 mánaða einfalt fangelsi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði að greiða

allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar sé 30 dagar frá lögbirtingu dóms þessa, og að vararefsingin verði 8 mánaða einfalt fangelsi.

Kærði, Gísli Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Sveinbjarnar Jónssonar og Péturs Magnússonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Gísla Guðmundssyni, skipstjóra, Garðastræti hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum landhelgislöggjafarinnar.

Málavextir eru þannig eftir því sem upplýst er:

Hinn 27. september 1927, kveðst Björgvin Þórarinsson bóndi í Krossavík í Þistilfirði hafa séð botnvörpung, svartan að lit, vera að veiðum, — sá vörpunni kastað og hana dregna upp aftur með fiski — undan Krossavík. Hann heldur að botnvörpungurinn hafi verið um 300 faðma undan landi, og telur líklegt að ágizkun sín sé nærri lægi, þar sem hann sé vanur að gizka á vegalengdir. — Björgvin Þórarinsson kveðst því hafa tekið sjónauka og reynt að sjá nafn og númer togarans. Eftir mikla erfiðismuni kveðst hann að hann heldur, gegnum samandregið eða tvöfalt net, sem breitt var fyrir nafn og númer togarans, hafa séð nafnið »Otur« — »O«-ið kveður hann þó lengi vel sér hafa sýnst vera G, — og ennfremur kveðst hann hafa séð stafina RE. 245.

Þeir aðrir, Þeir Þorvaldur Guðmundsson, bóndi að Völlum

og Kristján Þorvaldsson, vinnumaður sama stað, og Sigurður Árnason, Krossavík, sáu botnvörpung skammt undan landi fram af Krossavík, og Þorvaldur og Kristján sáu hann sama daginn að veiðum á Viðarvík, um 500 faðma undan landi. — Þeir Þorvaldur og Sigurður kveðast hafa séð, að togarinn var svartur að lit og að hann var að veiðum á fyrnefndum slóðum 300—500 faðma frá landi, og að hann var þar aleinn, en frekari einkennum á botnvörpungnum geta þeir ekki lýst og lengra nær framburður þeirra ekki, nema framburður Björgvins Þórarinssonar, sem fyr segir og framburður Sigurðar Árnasonar að því leyti, að hann kveður sig hafa vitað um það, að Björgvin var að reyna að ná nafni og númeri botnvörpungsins lengi um daginn 27. september, og er Björgvin kom heim sagðist hann loks hafa náð nafninu og númerinu á botnvörpungnum. Var hann svo viss í sinni sök, að hann skrifaði þegar daginn eftir kæru á botnvörpunginn, þar sem hann tilgreinir hann með nafni og númeri. — Þess má þegar geta hér, að öðru vísi en úr landi gat umrætt vitni ekki náð nafni botnvörpungsins og númeri, því svo illt var í sjónum, að ekki var hægt að komast á sjó úr Krossavík, og ástæðan til þess að Sigurður Árnason ekki skoðaði nafn togarans og númer gegnum sjónauka var sú, að hann þolir ekki að horfa í sjónauka, með því að hann hefir dálítið bilaða sjón eftir því, sem hann sjálfur segir.

Kærður, Gísli Guðmundsson, sem upplýst er að var skipstjóri á b/v., »Otur« RF. 245, allan septembermánuð 1927, hefir lagt fram útdrátt úr dagbók skipsins. Samkvæmt dagbókinni á skipið að hafa verið fyrir norðan Langanes dagana, 26. og 27. september. Kærður kveðst hafa verið að toga á Þistilfirðinum umræddan dag, en neitar því eindregið að hafa verið fyrir innan landhelgislinuna. — Í málinu hafa og verið leiddir sem vitni, Magnús Gunnar Guðmundsson, 1. stýrimaður á b/v. »Otur« og Erlendur Sigurðsson bátsmaður á botnvörpungnum. — Báðir kveðast þeir muna eftir því, að botnvörpungurinn var að veiðum á Þistilfirðinum umrædda daga. Magnús kveðst ekki muna hvar á Þistilfirðinum botnvörpungurinn hafi togað og hann kveðst ekki hafa orðið var við, að hann væri fyrir innan landhelgislinuna. Hann hefir þó alls ekki fengizt til að vinna eið að framburði sínum né breyta honum frá því, sem nú er sagt. Erlendur Sigurðsson kveður engan vafa geta leikið á því, að botnvörpungurinn hafi verið að veiðum mjög nærri

landhelgislinunni umrædda daga, en telur hann þó ekki hafa verið fyrir innan linuna. Þegar hann hafi verið næst landi, hafi hann verið við vesturlandið, Melrakkasléttumegin, að hann minnir nokkuð langt fyrir innan Melrakkanes; en er vitninu var sýnt sjókortið í réttinum og að eftir þessum framburði þess hlyti botnvörpungurinn að hafa verið í landhelgi, kvaðst þetta vitni hafa álitnið, að Melrakkanes væri allra yzti oddi Melrakkasléttunnar. Þetta vitni neitaði einnig að vinna eið að framburði sínum og fékkst þó ekki til að breyta honum.

Dómarinn verður nú að telja það nægilega sannað í máli þessu, með framburði hinna þriggja vitna, sem unnið hafa eið að framburði sínum, og annað, sem fram hefir komið í þessu máli, styður mjög eindregið, að kærður, Gísl Guðmundsson, hafi hinn 27. september 1927, verið að veiðum í landhelgi með botnvörpu á b/v. »Otur«, RE. 245, inni á Þistilfirði framundan Krossavík og Viðarvík.

Með framannefndu framferði sínu hefir kærður brotið gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið fyrir það, hæfilega ákveðin eftir 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 7 frá 11. apríl 1924, hæfilega ákveðin 14000 krónur, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er í dag, það eftir gefnum upplýsingum frá Landsbanka Íslands, að ein króna íslenzk jafngildir 81.70 aurum gulls, enda hefir kærður 8. október 1924, verið dæmdur í 4000 króna sekt í lögreglu-rétti Reykjavíkur, fyrir brot gegn ákvæðum landhelgislöggjafarinnar, en frekari refsingu hefir hann ekki sætt, svo kunnugt sé.

Sektin renni í Landhelgissjóð Íslands og greiðist innan 10 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Um upptöku afla og veiðarfæra er ekki að ræða, þar sem svo langt er um liðið síðan brotið var framið.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, og að því leyti, sem hann hefir orðið hér við embættið, stafar hann af annriki dómarans.